



54 Evrópumótið í bridds er að hefjast. Mótið er að þessu sinni spilað í Ostend sem er strandbær í Belgíu. Það var einmitt hér sem Íslendingar náðu 4ða sætinu árið 2010. Spilað er frá 6-16 júní, allir við alla, 16 spila leiki. 33 þjóðir taka þátt í opna flokknum sem er einhver fækkun frá undanförunum mótum. Kvennaflokkur og senioraflokkur hefja leik 10 júní, þar er þátttakan 23 og 22 þjóðir.

Árangur í opna flokknum undanfarin ár;

2016	Ungverjaland	14.sæti
2014	Croatia	20.sæti
2012	Írland	13.sæti
2010	Belgía	4.sæti
2008	Frakkland	8.sæti
2006	Pólland	7.sæti
2004	Svíþjóð	11.sæti
2002	Ítalía	13.sæti

Hvar stöndum við í dag? Hver er niðurstaðan á Bridgehátíð þar sem við fáum í heimsókn sterka erlenda spilara. Það verður að segjast eins og er að staðan versnar ár frá ári. Það er orðið ólíklegt að við náum í verðlaun þar. Á síðustu bridgehátíð unnu Svíar og tvær danskar sveitir komu næstar. Við vorum ekki einu sinni nálægt þessum sveitum í stigum. Við vorum bara í aukahlutverki í mótinu og í þessum 10 leikjum í sveitakeppninni þá náði íslensk sveit að komast þrisvar í sýningarleik á bbo. Samt vantar ekkert á kröfurnar þegar við sendum lið í mót, og skammirnar þegar menn misstíga sig.

Það er dýrt að halda úti landsliði í bridds. Sérstaklega er það gistikostnaður sem er mikill því mót eru löng. Til að halda kostnaði innan viðráðanlegra marka þá æfum við mest á móti öðrum íslenskum pörum. Þegar það er hægt. Þegar hægt er að fá lata Íslendinga til að spila. Sem dæmi má nefna að eina spilaæfingu felldi ég niður og fyrir aðra æfingu þá náði ég loks einu pari þegar ég var búinn að fá nei frá tíu!

Undirbúningur hófst í janúar. Hann hefur að mestu verið í formi paravinnu, meldingum í baráttustöðum, slemmutækni og sagnbaráttu á háum sagnstigum. Það er sérstaklega í slemmunum sem ég hef áhyggjur af útkomunni. Það sást vel í æfingamótinu í maí hvað niðurstaðan úr slemmuspilunum var neikvæð í heildina. Undanfarin ár hefur mér fundist við vera að dragast aftur úr öðrum þjóðum í sagnstækninni. Menn hafa alls ekki verið nógu duglegir að tileinka sér nýjungar í sögnum. Ég nefni dæmi; “real 3nt” eða non-real, last-train sagnir í cue seríum, nota 4nt sem cuebid í þvinguðum stöðum, melda fit-sögn sem segir; við eigum spilið. Svo eru allar dobl stöðurnar; spildobl, svardobl, mig langar að melda dobl.

Nokkur dæmi;

V / AV
 ♠ AK9642
 ♥ 87
 ♦ J982
 ♣ 9

♠ --	<table border="1"> <tr><td>N</td></tr> <tr><td>V A</td></tr> <tr><td>S</td></tr> </table>	N	V A	S	♠ QT5
N					
V A					
S					
♥ KQT642	♥ AJ95				
♦ T6	♦ AK54				
♣ KQT53	♣ A7				

♠ 873
 ♥ 3
 ♦ Q73
 ♣ J8642

Vestur Norður Austur Suður

1 ♥ 3 ♠ 4 ♣

Þetta kom upp í Hollenska meistaramótinu og sagnir hófust eins á báðum borðum. 4 lauf hér nota þeir sem geimkröfu, GF reis í hjarta, sem segir; þetta er okkar spil og setur upp kröfupass stöðu ef andstaðan ætlar að sprikla eitthvað meira. Þeir færa laufið inn í doblið

enda er það algengara og mikilvægara að þurfa að koma fittinu og eðli handarinnar til skila.

A / AV
 ♠ 876
 ♥ 96
 ♦ J95
 ♣ AQ532

♠ K93
 ♥ A43
 ♦ KQT86
 ♣ 98

	N	
V		A
	S	

♠ AQJT4
 ♥ K85
 ♦ A432
 ♣ T

♠ 52
 ♥ QJT72
 ♦ 7
 ♣ KJ764

Vestur	Norður	Austur	Suður
		1 ♠	2 ♠
3 nt	5 ♣	5 ♦	pass
Pass	pass		

Hér eru það enn Hollendingar í A-V. 3nt yfir Ghestem sögn suðurs var GF með tígullit og spaðafitt. 620 var 3 impar inn á móti 5 laufa fórninni á hinu borðinu. Í þessum kröfupass stöðum þá eru menn farnir að snúa við merkingunni á passi og dobli. Dobl þýðir; mig langar að melda meira, en passið biður um dobl. Hér var austur rólegur að passa ekki og melda síðan 5 tígla við dobli makkers sem slemmuáhuga. Það skilar sér í impum að hafa sem oftast tvær leiðir í sömu sögnina.

Andstæðingur kemur inná á 2nt minorum.

1 ♠ - 2nt

Hvað þýðir stökk í 3nt? Getur það verið rétt að spila það sem eðlilegt, af hverju ekki þá að byrja á dobli en nota 3nt stökkið sem sterka 4♠ sögn. Makker er þá betur staddur þegar hann á að melda við fórn andstæðings í 5 í láglit.

V / AV
 ♠ AQ963
 ♥ K985
 ♦ KQ
 ♣ T4

♠ 7
 ♥ QJ432
 ♦ 9763
 ♣ Á97


	N	
V		A
	S	

♠ KJT
 ♥ 6
 ♦ AJT852
 ♣ Q65

♠ 8542
 ♥ AT7
 ♦ 4
 ♣ KJ832

Vestur	Norður	Austur	Suður
Jón	Sævar	Bessi	Karl
pass	1 ♠	2 ♦	4 ♠
Dobl	pass	pass	pass

Þetta spil frá síðasta Íslandsmóti er gott dæmi um dobl sem þýðir; langar að melda. Sama byrjun á báðum borðum. Á hinu borðinu komu 5 tíglar hjá vestri sem var doblað -500. Bessi átti auðvelt val að sitja í doblinu með þennan spaða -100 og 12 impar. Það er vissulega fórnarkostnaður að geta ekki sektardoblað en þegar þú ert passaður hvað áttu oft fyrir sektardobli í þessari stöðu?



Næstbesta myndin sem gpa náði af liðinu.



Æfingin skapar meistarann

S / AV
 ♠ JT96
 ♥ 53
 ♦ T87432
 ♣ 2

♠ A87
 ♥ AJ982
 ♦ K5
 ♣ K96

N
V A
S

♠ 3
 ♥ KT64
 ♦ QJ
 ♣ AQJ873

♠ KQ542
 ♥ Q7
 ♦ A96
 ♣ T54

Vestur	Norður	Austur	Suður
			1 ♠
2 ♥	4 ♠	4 nt	pass
5 ♣	pass	5 ♥	pass
6 ♥	all pass		

Þetta er frá vetrarleikunum í Monaco. Ítalir í AV. 4nt er ekki ásaspurning heldur cuebid í spaða og slemmuáhugi í hjarta. Þetta er spurning um líkur. Þú átt miklu oft slemmuáhuga en að eiga fyrir ásaspurningu.

S / AV
 ♠ T
 ♥ AQJ943
 ♦ 97
 ♣ K762

♠ KJ9764
 ♥ T2
 ♦ AKQJ
 ♣ 5

N
V A
S

♠ AQ83
 ♥ K5
 ♦ 652
 ♣ AQJ8

♠ 52
 ♥ 875
 ♦ T843
 ♣ T943

Vestur	Norður	Austur	Suður
			pass
1 ♠	4 ♥	4nt	pass
5 ♣	pass	5 ♥	pass
6 ♠	all pass		

4nt er slemmuáhugi eða betra og cuebid í hjarta. 5 lauf er cuebid og slemmuáhugi á móti. 5 hjörtu er last-train-bid en neitar stoppi í tígli.

S / AV
 ♠ KT432
 ♥ Q
 ♦ T9
 ♣ KJ963

♠ A7
 ♥ J653
 ♦ A8
 ♣ AQ872

N
V A
S

♠ 8
 ♥ AKT982
 ♦ QJ753
 ♣ 4

♠ QJ965
 ♥ 74
 ♦ K642
 ♣ T5

Vestur	Norður	Austur	Suður
			pass
1 nt	2 ♠ *	3 ♥	4 ♠
4 nt	pass	5 ♣	pass
5 ♦	pass	6 ♥	all pass

*2s er spaði og láglitur

Eftir 14-16 punkta grandopnun gat vestur varla átt betra á móti geimkröfu 3 ♥ en hvenær getur grandopnari átt fyrir ásaspurningu? Vestur er á leiðinni í 5 ♥. 4nt sýnir áhuga og er cuebid í spaða og við tekur cuebid sería. Engin ástæða til að fara í slemmu ef það vantar tvo efstu í lit. Eflaust finnst einhverjum það vera eitthvað steinaldarlegt að sjá hér 3 ♥ en ekki 3 ♦ sem yfirfærslu. Rubensohl, lebensohl og yfirfærslu lebensohl líta mjög vel út á blaði en það er samt oft gott að geta sagt í einni sögn; okkar spil, ég kref í geim og ég á þennan lit. Makker er þá í miklu betri stöðu þegar 4ða hönd hindrar.

Það er sérstaklega í háltarfitti sem það kemur sér vel að hafa fleiri en eina leið í sömu sögnina. Dæmi; 1M – (dobl) - ? hér spila margir 2M sem veikari reis en að yfirfæra í 2M. Svona sagnvenjur útfærum við síðan alls staðar þar sem við komum því við og allt er það til að aðstoða makker við að taka réttar ákvarðanir. Og í leiðinni er hugsað um líkurnar, hvaða aðferð kemur sér best. Dæmi; andstæðingur stekkur inná á 3 laufum við spaðaopnun makkers. Hvað er líklegast að makker vilji vita;

- 1 ♠ - (3 ♣) - dobl= sputnic eða tígull
- 3 ♦ = hjarta
- 3 ♥ = gott reis í 3 ♠
- 3 ♠ = verra reis í 3 ♠
- 4 ♣ = GF gott reis í 4 ♠
- 4 ♠ = ætlar í geim, ekki sterkt

Það er svona sem atvinnumennirnir eru að melda. Hugsa í líkum og prósentum og eru stöðugt að velta ákvörðunum yfir á makker, hafa hann með í ráðum. Það virkar á mig að flestir Íslendingar spili lokasagnakerfið. Taka

bara lokaákvörðun án þess að hafa makker með í ráðum. Til lengdar þá töpum við. Við verðum að fara að æfa meira, melda meira, spila meira til að standa upp í hárinu á atvinnumönnunum. Þannig er það bara.

Sagnþróunin er stöðug. Sjáum bara svör við 2nt. Einu sinni var Baron, svo kom Stayman, þá puppet-stayman, svo romex-stayman og muppet-stayman. Bestur finnst mér breyttur romex, modified-romex en hann hefur að ég held enginn Íslendingur spilað ennþá. Öll þessi þróun er til að auka líkurnar á að komast í besta samning. Það er nefnilega í sögnum sem lang flestir imparnir verða til. 80-90% impa verða til í sögnum.

Framundan er erfitt mót þar sem lukkan þarf að vera með, úthaldið í lagi og spilararnir í stuði. Vonandi skilar undirbúningurinn einhverju, að við hittum á gott mót, en fyrst og fremst að ánægja og leikgleði verði til staðar. Þetta er nefnilega bara leikur.

Við hefjum leik miðvikudag 6.júní og spilum 3 leiki á dag flesta daga. Fyrstu andstæðingarnir eru; Serbar, Tékkar og Eistar. Ég stefni á að senda frá mér pistla; fréttir af liðinu og áhugaverðum spilum en annars má finna allar upplýsingar, úrslit og mótsblað á heimasíðu mótsins;

<http://db.eurobridge.org/repository/competitions/18Ostend/microsite/Information.htm>

tonihar002, 5.júní 2018

Athugasemdir, comment, skammir og annað sem lesenda dettur í hug sendist á;

tonihar@simnet.is